



Alþingi
Erindi nr. Þ 126/2097
komudagur 27.4.2001

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis

Reykjavík, 27. apríl 2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu, 566. mál, heildarlög.

Með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 9. apríl s.l., óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna umrædds frumvarps til laga um vexti og verðtryggingu.

Þau ákvæði frumvarpsins, sem sérstaklega varða lífeyrissjóðina, eru að finna í 4. gr. frumvarpsins og í bráðabirgðaákvæðum.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að aðilar semji um ákveðna vexti sín á milli en noti ekki almennar viðmiðanir við vexti á markaðnum eins og nú tíðkast, t.d. meðalársávöxtun á nýjum almennum útlánunum hjá bönkum og sparissjóðum. Því er lagt til að í stað þess að reikna út og birta meðalvexti banka og sparissjóða sem aðilar geta notað í viðskiptum sín á milli verði Seðlabankanum falið að birta vexti sem taki mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparissjóða og annarra lánastofnana, þ.e. þeim vöxtum sem lánastofnanir bjóða lánþegum sem þeir telja trausta. Í bráðabirgðaákvæðum er hins vegar gert ráð fyrir því að hægt sé að bæta við ákveðnu vaxtaálagi á lægstu vexti samkv. 4. gr. frumvarpsins.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa ekki nægjanlegar forsendur til að meta það, hvort ofangreind ákvæði frumvarpsins hafi eða geti haft áhrif á þá vexti, sem viðkomandi lífeyrissjóðir innheimta af einstökum lánssamningum, t.d. af sjóðfélagalánunum. Til þess að komast að raun um slíkt þarf langtum lengri tíma af hálfu Landssamtaka lífeyrissjóða og einstakra sjóða, heldur en í boði er.

Miðað við þá miklu hagsmuni sem eru í húfi lýsa Landssamtök lífeyrissjóða því yfir að eðlilegra hefði verið að samtökin hafi átt þess kost að taka beinan þátt í

störfum þeirrar nefndar sem vann að endurskoðun vaxtalaganna. Þá telja Landssamtök lífeyrissjóða að sá tímafrestur, sem gefinn er af efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til að skila inn umsögn um frumvarpið sé alltof naumur miðað við umfang málsins. Má í því sambandi benda á að eingöngu sjóðfélagalán lífeyrissjóðanna nema nú 60 milljarðar króna. Vaxtakjör þessara lána eru mjög mismunandi og breytileg.

Að undanfögnu hefur farið í vöxt að vaxtakjör sjóðfélagalána miðist við meðalávöxtun í viðskiptakerfi Verðbréfaþings Íslands á nýjasta flokki húsbrefa til 25 ára með álagi og að vextirnir taki breytingum mánaðarlega miðað við meðalávöxtun húsbrefanna. Að öðru leyti séu vextirnir breytilegir og ákveðnir af stjórn viðkomandi sjóðs. Stærstu lífeyrissjóðirnir miða t.d. nú vexti sjóðfélagalána við ávöxtunarkröfu húsbrefa með álagi. Þeir vextir taki síðan breytingum mánaðarlega eða á 3ja mánaða fresti. Þannig er ljóst að sú þróun sem verið hefur hvað varðar vaxtakjör af sjóðfélagalánum gengur í þveröfuga átt við megin tilgang frumvarpsins, sem gerir ráð fyrir að samið sé um fasta vexti.

Þá telja Landssamtökin óeðlilegt að Seðlabanki Íslands skuli einungis vera falið að birta vexti sem taka mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, ekki síst með hliðsjón af því að þessi vaxtakjör eru almennt ekki í boði fyrir lántakendur. Eðlilegra er að Seðlabankinn birti áfram upplýsingar um meðalársávöxtun af nýjum útlánum banka og sparisjóða og að bankanum verði sköpuð betri aðstaða til að velja vogir til að reikna út meðalvextina.

Að lokum telja Landssamtök lífeyrissjóða sérstaka ástæðu að skoða betur 6. grein frumvarpsins, þar sem kveðið er á um dráttarvaxtatöku, þar sem heimilt sé að semja um fastan hundraðshluta vanefndarálags ofan á grunn dráttarvaxta.

Að lokum vilja Landssamtök lífeyrissjóða íteka þá skoðun sína að nauðsynlegt sé í svo stóru máli sem þessu og sem varða svo mikla hagsmuni að nægjanlegur tími verði gefinn til frekari kynningar og athugasemda, bæði af hálfu Landssamtaka lífeyrissjóða, svo og þeirra sjóða sem að samtökunum standa.

Virðingarfyllt

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

